

Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 15. febrúar 2019  
UST201901-411/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag – útivistarsvæði í Höfði - Skútustaðahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Höfða, Skútustaðahreppi.

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið, sem er um 38ha, nær til Höfða (Hafurshöfða) og lands Kálfastrandar umhverfis Ytrivoga. Markmið tillögunnar og viðfangsefni er að bæta útivistarsvæðið með því að móta stefnu um uppbyggingu stíga og áningarstaða, bæta þjónustu við ferðamenn og ákvarða forsendur fyrir framkvæmdir og rekstur á svæðinu. Auk þess kemur fram að í tillögunni verða skoðaðir mögulegar útfærslur á nýju bílastæði og nýja aðkomu við Höfða.

### **Verndun Mývatns-og Laxársvæðisins**

Líkt og kemur fram í lýsingu er svæðið nú verndað samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004. Í 2.mgr. 3.gr laganna þar sem fjallað er um verndun Mývatns og Laxár segir: „*Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.*“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um skipulagslýsinguna, en bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í skilningi 3. mgr. 17. gr. rg. nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 1.-2. mgr. 17. gr. rg. nr. 665/2012.

Umhverfisstofnun óskar því eftir samstarfi við sveitarfélagið vegna vinnu við deiliskipulagstillöguna þar sem að stofnunin veitir framkvæmdaleyfi skv. lögum nr. 97/2004 og reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

### **Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

### **Umhverfi og náttúra**

Í kafla 3.3 í greinargerð er fjallað um umhverfi og náttúrufar á skipulagssvæðinu og bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að fjallað verði um hvort dýr eða plöntur á skipulagssvæðinu séu á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

### **Bílastæði og brú.**

Í lýsingu segir að til álita kemur að staðsetja nýtt bílastæði í stórri kvos/hvilft austan þjóðveggar á móts við núverandi aðkomu. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er að mestu leiti óraskað svæði á nútímahrauni sem ástæða er til að vernda á forsendum fagurfræðilegs gildis þess og jarðminja. Auk þess kemur fram að kannaður verði möguleiki á hringleið með brú yfir voginn úr Höfða yfir á Kálfaströnd. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skoðaðar verða nokkrir valkostir sem metnir verða í tillögunni og þar með talinn svokallaður núll kostur þar sem að ekki er gert ráð fyrir brú, þar sem að svæðið er vinsæll útsýnisstaður og brú mun líklega hafa áhrif á ásýnd svæðisins.

### **Sérstaka verndin**

Í kafla 3.2.1 í greinargerð er fjallað um 61. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á að stöðuvötn sem eru 1000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri falla einnig undir ákvæði 61.gr. laganna.

Umhverfisstofnun vill benda á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessi atriði komi skýrt fram í tillögunni.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé

til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. 24. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu en þar segir: „Skólp á vatnasviðinu skal hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp. Í reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 í gr. 7.2 sem fjallar um hreinsun skólps segir: „Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.“


Um rekstur fráveitna á vatnasviðinu fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerða settra samkvæmt þeim. Til fráveitu telst allt lagnakerfi sem flytur frárennsli frá heimilum, stofnunum, atvinnufyrirtækjum, götum, gönguleiðum, lóðum og opnum svæðum og einnig öll mannvirki sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli. Um söfnun, hreinsun og losun skólps gildir reglugerð um fráveitur og skólp.

Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.“

### Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Davíð Örvar Hansson  
Sérfræðingur